

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán
fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fobverði stöðvarinnar.

Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 megawatta afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinna til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Enn fremur að leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er virkjunaraðilinn tekur, allt að 2000 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.